

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grindavíkurbæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar, vesturhluti.

Skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar samþykkti þann 30. nóvember 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi norðan Hópsbrautar, vesturhluti. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að fjölga raðhúsalóðunum Víkurhópi 41-55 úr 8 í 10 og að lóðir undir hvora raðhúsaröð verði gerðar jafn stórar þ.e. 45 m x 28 m. Byggingarreitur fyrir hverja lóð verður 7 m x 13 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Grindavíkurbæ, 10. desember 2020.

Atli Geir Júlíusson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020